

REGLUGERÐ

um sundnám í Svarfaðardalshreppi.

1. gr.

Svarfaðardalshreppur skal á ári hverju halda uppi almennri sundkennslu í sundskála Svarfdæla, að minnsta kosti einn mánuð. Skal kennslan veitt þátttakendum ókeypis.

2. gr.

Allir unglingar á aldrinum 12—16 ára, miðað við nýjár, sem heimilisfastir eru í Svarfaðardalshreppi, eru skyldir að stunda sundnám að minnsta kosti 8 vikur samtals á þeim tíma og eftir þeim reglum, sem sundnefnd ákveður.

3. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu eru:

- a. Þeir, sem að dómi prófnefndar hafa náð sæmilegri sundleikni.
- b. Þeir, sem með læknisvottorði sanna, að þeir geti ekki stundað sundnám sökum heilsubrests.

4. gr.

Framkvæmd sundkennslunnar annast hreppsnefnd, þó skal henni heimilt að fela framkvæmdina öðrum nefndum (s. s. sundskálanefnd, skólanefnd) eða kjósa til þess 5 manna nefnd innan hreppsnefndar eða utan.

Nefnd sú, sem annast sundkennsluna, ræður sundkennara og gætir þess að hann gegni skyldu sinni, sér um árleg próf og hefir eftirlit með því, að sundskyldir unglingar sæki sundnámið. Hún hefir og á hendi reikningsfærslu og skýrslugerð alla, svo og útvegum opinberra styrkja.

5. gr.

Próf skal halda árlega um sundkunnáttu nemenda. Í prófnefnd er sundkennari og einn maður, er sundnefnd velur. Þeir unglingar, er lokið hafa námi, skulu fá prófskirteini undirrituð af prófnefnd.

6. gr.

Kostnaður, sem leiðir af hinni lögskípuðu kennslu, greiðist úr sveitarsjóði, að því leyti sem aðrir opinberir styrkir ekki hrökkva til, annað tveggja eftir reikningi eða eftir áætlun.

7. gr.

Sundskylda þessi gengur þannig í gildi á næstu þremur árum eftir staðfestingu þessarar reglugerðar: 13 ára unglingar eru sundnámsskyldir í 6 vikur, 14 ára í 4 vikur, og 15 ára í 2 vikur. Þó hefir sundnefnd heimild til að veita undanþágu þeim unglingum, sem vegna fjarlægðar eiga erfitt með að sækja sundnámið.

8. gr.

Brof gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 10,00 til kr. 100,00. Mál, sem rísa út af reglugerðinni, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er samkvæmt lögum nr. 39, 27. júní 1925, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. marz 1937.

Í kennslumálaráðuneytinu, 30. janúar 1937.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.